

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðsins “Umhverfisstofnun” í 2. mgr. og hvarvetna þar sem orðið kemur fyrir í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.
- c. Orðin „og þeim aðilum sem ekki hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd, sbr. 3. mgr. 5. gr.“ í c-lið 2. mgr. falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. a reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „1. mgr. 11. gr. og 3.-5. mgr. 11. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 11. gr.
- b. 2. málsl. d-liðar 1. mgr. fellur brott
- c. Orðin „hjá þeim aðilum sem ekki hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd“ í e-lið 1. mgr. falla brott.

3. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í y-lið 43. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026